

Nd.

218. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Akranesi.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klotnað í máli þessu með þeim hætti, að meiri hluti (JJós, HK og BSv) vill afgreiða frv. óbreytt, en við undirritaðir teljum það eiga að sæta líkri afgreiðslu og önnur hafnarlagafrv., sem fyrir Alþingi liggja að þessu sinni. Viljum við um meðferð þess fylgja fordæmi fyrri þinga og ætla ríkissjóði $\frac{1}{3}$ kostnaðar af hafnarbyggingunni og ábyrgð á láni hafnarsjóðs til fyrirtækisins, allt að ákveðnu lágmarki lánsþarfar.

Hafnarþörf er að sjálfsögðu mikil á Akranesi og útvegur þar í vexti, en þar stendur að baki hafnargerðinni fjölmennt og blómlegt hérað með meiri fjármunalega getu til framkvæmda en víða er annarsstaðar, þar sem hafnleysi aftrar sjósókn og siglingum. Er líka fullvist, að kröfum um nýjar hafnargerðir og hafnarbætur verður fram haldið úr mörgum héruðum, og því fyrirsjáanlegt, að takmarka verður nokkuð framlög ríkissjóðs og ábyrgðir við gjaldgetu héraða þeirra, sem í hlut eiga, til hagsmuna þeim, sem miður mega.

Eftir framansögðu leggjum við til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Til hafnargerðar á Akranesi veitist úr ríkissjóði $\frac{1}{3}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 400000 — fjögur hundruð þúsundum — króna, gegn $\frac{2}{3}$ frá hafnarsjóði Akraness.

2. Við 2. gr. Fyrir „kr. 500000 — fimm hundruð þúsund króna —“ komi: 580000 — fimm hundruð og áttatíu þúsundum — króna.

3. Við 6. gr. Aftan við gr. komi svolátandi málsgrein:

Hreppsnefndinni er heimilt, með samþykki atvinnumálaráðherra, að taka eignarnámi lönd og lóðir, sem að höfninni liggja og nauðsynlegar teljast til hagnýtingar henni.

Alþingi, 18. marz 1931.

Sveinn Ólafsson,
form., frsm.

Sigurjón Á. Ólafsson.